

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**frá 22. apríl 1996****um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir
sængurföt og T-boli(*)****(96/304/EB)****FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA
HEFUR,**

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 880/92 frá 23. mars 1992 um kerfi um veitingu vistmerkis EB ⁽¹⁾, einkum annarri undirgrein 1. mgr. 5. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

Í fyrstu undirgrein 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 er kveðið á um að ákveða beri skilyrði fyrir veitingu umhverfismerkis bandalagsins fyrir hvern vöruflokk.

Í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 er kveðið á um að meta beri áhrif vöru á umhverfið með hliðsjón af tilteknum viðmiðunum fyrir vöruflokka.

Í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92 hefur framkvæmdastjórnin haft samráð við helstu hagsmunaaðila á sérstökum samráðsfundum.

Ráðstafanirnar sem kveðið er á um í þessari ákvörðun eru í samræmi við álit nefndar sem var sett á laggirnar á grundvelli 7. gr. reglugerðar (EBE) nr. 880/92.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:**1. gr.**

Vistfræðilegu viðmiðanirnar gilda um eftirfarandi vöruflokka:

- a) „sængurföt“, nánar tiltekið lök, koddaver, sængurver og losanlegar þvotttekta rúmabreiður eða rúmsvuntur, og

- b) T-boli.

Í öllum tilvikum skal trefjaefni í tilbúinni vöru vera 100% þaðmull eða blanda af þaðmull og pólýester.

Sængurver geta verið með hnöppum eða með lokunarbúnað úr ýmsum efnum.

T-bolir eru þrjónaðar utanyfirflíkur með stuttum eða löngum ermum og stroffháls máli án skrauts. Útsaumur og prentun eru leyfð, að undanskilinni prentun með plastisól sem grunnefni. Aðeins er heimilt að nota saumþráð við útsaum. T-bolir skulu ætlaðir til sölu á neytendamarkað án nokkurra breytinga.

2. gr.

Meta skal umhverfisáhrif og notagildi vöruflokksins sem er skilgreindur í 1. gr. með hliðsjón af þeim sérstöku vistfræði- og notagildisviðmiðunum sem eru settar fram í viðaukanum.

3. gr.

Skilgreiningin á vöruflokknum og vistfræðilegu viðmiðanirnar fyrir vöruflokkinn skulu gilda til þriggja ára frá þeim degi sem þessi ákvörðun kemur til framkvæmda.

4. gr.

Í stjórnsýslunni er kenninúmerið „010“ notað fyrir vöruflokkinn.

5. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 22. apríl 1996.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ritt BJERREGAARD

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjttíð. EB nr. L 116, 11. 5. 1996, bls. 30, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 67/96 frá 27. nóvember 1996 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalagsins.

(¹) Stjttíð. EB nr. L 99, 11. 4. 1992, bls. 1.

VIÐAUKI

Til að vara geti fengið umhverfismerki verður hún að vera í samræmi við eftirtaldar viðmiðanir, nema annað sé tekið fram, eftir því sem við á um þær trefjar sem um ræðir. Prófa ber hvort viðmiðanirnar standist samkvæmt ákvæðum í viðbætinum. Þar sem engar prófanir eru tilgreindar ber þar til bærnum stofnunum að byggja, eftir því sem við á, á yfirlýsingum, viðeigandi gögnum og/eða óháðum sannprófunum.

Hagkvæmniseining

Sú hagkvæmniseining sem miða ber ílag og frálag við er:

1 kg af textífl við viðmiðunarskilyrði fyrir textíla (65% RH \pm 2% og 20 °C \pm 2 °C) í efninu fullunnu áður en það er skorið. (Þessi staðalskilyrði eru tilgreind í ISO-staðli nr. 139. Textíflar - staðalandrúmsloft fyrir meðferð og prófun).

A. VISTFRÆÐILEGAR VIÐMIÐANIR

HRÁEFNI

1. Baðmull

Baðmullargarn skal ekki innihalda neinar leifar virkra varnarefna sem um getur í viðauka við tilskipun 79/117/EBE⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun 91/188/EBE⁽²⁾, og heldur ekki leifar virkra varnarefna sem óheimilt er að nota í aðildarríkjum Evrópubandalagsins við baðmullarframleiðslu í samræmi við ákvæði tilskipunar 91/414/EBE⁽³⁾.

Framkvæma ber prófanir á garninu fjórum sinnum á ári, að minnsta kosti með tilliti til aldríns, kaptófóls, kamfeklórs, klórdans, DDT, díeldríns, endríns, heptaklórs, hexaklórbensens og 2, 4, 5-T. Prófanir á garni er inniheldur að minnsta kosti 50% af lífrænni baðmull, sem er sannanlega er framleidd í samræmi við framleiðslu- og eftirlitskröfur í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2092/91⁽⁴⁾, skulu fara fram einu sinni á ári. Engra prófana er krafist vegna 100% lífrænnar baðmullar sem er framleidd og skoðuð í samræmi við reglugerð (EBE) nr. 2092/91.

2. Losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda (VOC) við framleiðslu pólýesters

Losun rokgjarnra lífrænna efnasambanda meðan á fjölliðun pólýesters stendur skal ekki fara yfir 1,2 g af slíkum efnasamböndum fyrir hvert kílógramm af framleiddu pólýesterresíni.

3. Antímonleifar í pólýestertrefjum

Antímonmagn í pólýestertrefjum skal ekki fara yfir 300 ppm (milljónarhlutar).

4. PCP

Óheimilt er að nota pentaklórfenól (PCP) og sölt þess og estera á lífsferli vörunnar áður en hún er tekin í notkun. Prófanir skulu fara fram fjórum sinnum á ári.

VEFNAÐUR

5. Límsterkja

Annaðhvort skal endurvinna límsterkju eða hún skal vera auðlífbrjótanleg. Eiginleg endurvinnsla skal vera 75%.

⁽¹⁾ Stjtið. EB nr. L 33, 8. 2. 1979, bls. 36.

⁽²⁾ Stjtið. EB nr. L 92, 13. 4. 1991, bls. 42.

⁽³⁾ Stjtið. EB nr. L 230, 19. 8. 1991, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB nr. L 198, 22. 7. 1991, bls. 1.

BLAUTVINNSLA

FORMEÐHÖNDLUN - ÞVOTTUR, MÝKING, BLEIKING

6. Þvottaefni, mýkingarefni, efni sem mynda flókin efnasambönd

Óheimil er notkun alkýlfenóletoxýlata (APEO), bis(vetnisbundið tólg-alkýl)dímetyllammóníumklóríð (DTDMAC), dísterýldímetyllammóníumklóríð (DSDMAC), dí(hert tólg)dímetyllammóníumklóríð (DHTDMAC), nítrílotríedíksýra (NTA) eða etýlendíamíntetraasetat (EDTA).

7. Bleikingarefni

Almennt skal AOX-losun í blandað bleikingarefni vera undir 40 mg á hverja hagkvæmniseiningu. Ef um er að ræða viðkvæm efni (fjölíðun undir 1800) notuð til að framleiða hvítar fullunnar vörur skal AOX-losun vera undir 100 mg á hverja hagkvæmniseiningu.

LITUN OG FRÁGANGUR

8. Leysilitir, dreifulitir og burðarefni

- a) Magn jónaðra málmóhreininda í litarefnum má ekki fara upp fyrir eftirtalin gildi (í ppm) þegar um eftirtalda málmá er að ræða:

	ppm
Arsen	50
Kadmíum	20
Króm	100
Kopar	250
Kvikasilfur	4
Nikkel	200
Blý	100
Antímon	50
Tin	250
Sink	1500

- b) Magn jónaðra málmóhreininda í dreifulitum má ekki fara upp fyrir eftirtalin gildi (í ppm) þegar um eftirtalda málm er að ræða:

	ppm
Arsen	250
Kadmíum	50
Króm	100
Kvikasilfur	25
Blý	100
Antímon	250
Sink	1000

- c) Óheimil er notkun málmleysilíta úr flóknum efnasamböndum sem byggjast á eftirtöldum málmum: arseni, kadmíumi, krómi, kvikasilfri, nikkeli, blýi, antímoni, tini, sinki eða kopar. Heimilt er engu að síður að nota kopar fyrir prjónavörur.
- d) Óheimil er notkun málm dreifulíta úr flóknum efnasamböndum sem byggjast á eftirtöldum málmum: arseni, kadmíumi, krómi, kvikasilfri, nikkeli, blýi, antímoni, tini og sinki. Leyfilegt hámarksinnihald kopars er 4,5%.
- e) Óheimil er notkun leysilíta sem geta gefið frá sér eða klofnað í krabbameinsvaldandi arómatísk amín eða eru sem slík flokkuð krabbameinsvaldandi samkvæmt tilskipun ráðsins 67/548/EBE⁽¹⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/69/EB⁽²⁾ og tilskipun ráðsins 88/379/EBE⁽³⁾, eins og henni var síðast breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 93/18/EBE⁽⁴⁾.
- f) Óheimil er notkun burðarefna sem innihalda klór eða önnur halógen.

9. Prentun

Við prentun er óheimilt að nota kemískar afurðir eða prentliti sem innihalda meira en 5% af rokgyörnum lífrænum efnasamböndum.

10. Frágangur

Magn óbundins formaldehýðs, sem er vatnsrjúfanlegt að hluta, í fullunnu efni má ekki fara yfir 30 ppm í ungbarnavörum og 75 ppm í öðrum vörum.

SKOLP FRÁ BLAUTVINNSLU

11. Meðhöndlun skolps

Skolp frá blautvinnslu skal annaðhvort meðhöndla á framleiðslustað eða í skolphreinsunarstöð. Ef um meðhöndlun á framleiðslustað er að ræða ber að virða eftirtalin mörk sem gilda um losun í yfirborðsvatn: pH 6,5-9 t° undir 30 (ef náttúrlegar aðstæður leyfa slíkt).

12. Lífræn efni í vatn

Kemísk súrefnisþörf (COD) í skolpi frá blautvinnslu skal vera undir 25 g á hverja hagkvæmniseiningu að hreinsun lokinni.

(¹) Stjtið. EB nr. 196, 16. 8. 1967, bls. 1.
 (²) Stjtið. EB nr. L 381, 31. 12. 1994, bls. 1.
 (³) Stjtið. EB nr. L 187, 16. 7. 1988, bls. 14.
 (⁴) Stjtið. EB nr. L 104, 21. 4. 1993, bls. 46.

B. NOTAGILDISVIÐMIÐANIR**1. Afþræðilegir eiginleikar og eðliseiginleikar**

- a) *Hversu vel straulétt eða straufrítt efni stenst þvott (gildir aðeins um textílvörur merktar: „straulétt“, „straufrítt“, „varanleg brot“ eða álíka)*

Stig/mörk: Lágmark DP3

- b) *Hversu mikið efni hleypur í þvotti*

Stig/mörk: prjónavara, 6% lengd og breidd (T-bolir)
vefnaður, 5% langþræðir og ívaf (sængurföt).

2. Litheldni

- a) *Þvottur*

Stig/mörk: litabreyting: 3-4
myndun litasmit: 3-4

Viðbótarprófun skal fara fram á vörum sem eru bæði dökkar og ljósar á lit.

Stig/mörk: bera skal útlitsbreytingar saman við óþvegið sýnishorn.
litabreyting: 3-4
víxllitasmit: 3-4

- b) *Svitamyndun*

Stig/mörk: litabreyting og litasmit: 3-4

- c) *Núningur í blautu og þurru ástandi*

Stig/mörk: núningur í þurru ástandi 4 og blautu ástandi 2-3

- d) *Birta*

Stig/mörk: 4.

Vörur gerðar úr óbleiktum og ólituðum trefjum þurfa ekki að fullnægja kröfum um litheldni en veita ber notendum upplýsingar um litheldnisfrávik.

Viðbætur

AÐFERÐIR TIL AÐ PRÓFA VIÐMIÐANIR

A. VISTFRÆÐILEGAR VIÐMIÐANIR*1. viðmiðun*

Prófunaraðferð: US EPA 8081 „Organochlorine Pesticides and PCBs as Arochlors by Gas Chromatography: Capillary Column Technique“, US EPA 8141 A „Organophosphorus Compounds by Gas Chromatography: Capillary Column Technique“ og US EPA 8151 „Chlorinated Herbicides by GC using Methylation or Pentafluorobenzoylation Derivatization: Capillary Column Technique“. Staðfesta ber jákvæðar niðurstöður, ef um þær er að ræða, með því að beita aðferðinni US EPA 8270 „Semivolatile Organic Compounds by Gas Chromatography/Mass Spectrometry (GC/MS). Capillary Column Technology“.

Prófanir gerðar fyrir blautvinnslu garns sem er notað til að framleiða vöruna. Innihald plöntuvarnarefna og uppskeruörvandi efna, sem talin eru upp í 1. viðmiðun, má ekki fara yfir 0,05 mg í hverju kílógrammi af garni (að því gefnu að prófunaraðferðin sé nægilega nákvæm).

2. viðmiðun

Prófunaraðferð: EPA-sýnatökuaðferðir með kyrrstæðum gjafa, 25A.

Rokgjörn lífræn efnasambönd (VOC) eru skilgreind sem hvert það lífrænt efnasamband sem við 293,15 K hefur gufuþrýsting sem er 0,01 kPa eða meir, eða er rokgjarnt í svipuðum mæli við þær notkunaraðstæður sem um ræðir, og sem er notað eitt sér eða í sambandi við önnur efni til að leysa upp hráefni, afurðir eða úrgangsefni, eða notað sem hreinsiefni til að leysa upp mengunarefni eða sem leysiefni, dreifiefni, seigjustillandi efni, yfirborðsspennustillandi efni, mýkiefni eða rotvarnarefni.

3. viðmiðun

Prófunaraðferð: Bein ákvörðun (með því að beita AAS eða sambærilegri aðferð) heildarmagns málma í trefjunum.

4. viðmiðun

Prófunaraðferð: Gasgreining (GC) með greiningu með rafeindahremmingu. Prófun gerð á gráa efninu fyrir blautvinnslu og á fullunninni vöru. Pentaklórfenólinnihald skal ekki fara yfir 0,05 mg á kílógramm af trefjum.

5. viðmiðun

Prófunaraðferð: OECD 301 A-F, próf fyrir auðlíffbrjótanleika.

7. viðmiðun

Prófunaraðferð: Ef ekki eru notuð bleikingarefni sem innihalda klór eða klórsambönd er ekki nauðsynlegt að mæla AOX. Ef klór eða klórsambönd eru notuð skal mæla AOX samkvæmt ISO-staðli nr. 9562.

8. viðmiðun f)

Prófunaraðferð: (Þegar ekki liggur fyrir yfirlýsing um hvað óheimilt er að nota) DIN 38 409-8.

10. viðmiðun

Prófunaraðferð: Japönsk aðferð „Law 112“.

12. viðmiðun

Prófunaraðferð: ISO-staðall nr. 6060: Vatnsgæði: Ákvörðun á kemískri súrefnisþörf.

B. NOTAGILDISVIÐMIÐANIR*1. viðmiðun a)*

Prófunaraðferð: ISO-staðall nr. 7768: Útlit strauléttra og straufrírra efna eftir þvott og þurrkun í heimahúsum.

1. viðmiðun b)

Prófunaraðferð: ISO-staðall nr. 5077: Mat á því hversu mikið efni hleypur í þvotti og eftir þurrkun. Að því er varðar ISO-staðal nr. 5077 (þrjár þvotta- og þurrklotur). Þvo skal og þurrka við það hitastig sem framleiðandi tiltekur.

2. viðmiðun a)

Prófunaraðferð: ISO-staðall nr. 105-C06. Litheldni þegar um er að ræða þvott í heimahúsum og í þvottahúsum.

Þegar um ræðir vörur bæði í dökkum og ljósum litum skal auk staðalþvottaprófsins sem um getur hér að framan framkvæma viðbótarþvottapróf á fullunninni vöru eins og tilgreint er hér að aftan.

Prófunaraðferð: Þvottur í samræmi við ISO-staðal nr. 6330.

2. viðmiðun b)

Prófunaraðferð: ISO-staðall nr. 105-E04. Litheldni gagnvart svita.

2. viðmiðun c)

Prófunaraðferð: ISO-staðall nr. 105-X12. Litheldni gagnvart núningi.

2. viðmiðun d)

Prófunaraðferð: ISO-staðall nr. 105-B02. Litheldni gagnvart gervilýsingu: Fölnunarpróf með xenón-bogalampa.